

UNGT FÓLK 2006

Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi

Rannsókn meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorið 2006



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

UNGT FÓLK 2006

Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi

Rannsókn meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorið 2006

Unnið í samvinnu við:

Menntamálaráðuneytið

Álfgeir Logi Kristjánsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Jón Sigfússon

© 2006 Rannsóknir & greining ehf

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsóknna & greiningar ehf.

Efnisyfirlit

Inngangur	14
Aðferð og gögn.....	16
Þátttakendur og framkvæmd.....	16
Mælitæki	16
Samband við foreldra	17
Jafningjahópurinn	24
Nám og skóli	30
Atvinna og fjárhagsstaða fjölskyldu.....	36
Íþróttir og heilsa.....	41
Tómstundir og frístundastarf	50
Heimildaskrá	64
Töflur	68
Kynjaskipting	68
Tengsl við foreldra og fjölskyldu	69
Nám og skóli.....	76
Tengsl við vini og jafningja	79
Íþróttaiðkun	84
Frístundir	97
Tómstundaiðkun	104
Trú og trúariðkun.....	113

Listi yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja mjög auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum eftir námsárangri þeirra.	18
Mynd 2.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð á sl. 30 dögum eftir því hve oft þeir eru með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.	19
Mynd 3.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa notað hass einhvern tíma um ævina eftir því hvort þau telji að foreldrar sínir viti hvar þau eru á laugardagskvöldum.	20
Mynd 4.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997, 2003 og 2006 sem segjast vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.	21
Mynd 5.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja foreldra sína nær alltaf vita hvar þau eru á laugardagskvöldum árin 2003 og 2006.	22
Mynd 6.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem hafa verið úti eftir miðnætti undanfarna 7 daga árin 2000, 2003 og 2006.	23
Mynd 7.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hvort vinir þeirra reyki að staðaldri.	25
Mynd 8.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð sl. 30 daga eftir því hvort vinir þeirra verði ölvaðir a.m.k. einu sinni í mánuði.	26
Mynd 9.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það auka virðingu í vinahópi sínum mikið eða nokkuð að standa sig vel í námi eftir námsárangri þeirra.	27
Mynd 10.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það auka virðingu í vinahópi sínum mikið eða nokkuð að vera á móti reglum fullorðinna eftir námsárangri þeirra.	28
Mynd 11.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja besta vin sinn/vinkonu sína oft stunda íþróttir eða líkamspjálfun eftir því hve oft þau sjálf stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.	29
Mynd 12.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir námsárangri þeirra.	31
Mynd 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð sl. 30 daga eftir því hvort þau segi það eiga við sig að þeim líði illa í skólanum.	32
Mynd 14.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast mjög ánægð með eigin námsárangur í vetur eftir því hve miklum tíma þau verja daglega í heimanám.	33
Mynd 15.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem telja líklegt að þau fari í mennta- eða fjölbrautaskóla, verk- eða iðnnám, eða að vinna að loknum 10. bekknum.	34
Mynd 16.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997 og 2006 sem telja frekar eða mjög líklegt að þau fari í háskólanám.	35

Mynd 17.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 og 2006 eftir því hve mikið þau vinna með náminu í viku hverri.....	37
Mynd 18.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem vinna 15 klst. á viku eða meira eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.	38
Mynd 19.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem taka nær aldrei þátt í íþróttastarfi íþróttafélaga og taka þátt í starfi íþróttafélaga 4 sinnum í viku eða oftar, eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.	39
Mynd 20.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem taka nær aldrei þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi og þeirra sem taka þátt í slíku starfi tvisvar sinnum í viku eða oftar, eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.	40
Mynd 21.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir eða líkamspjálfun í skólanum fyrir utan skyldutíma, íþróttir með íþróttafélagi, og íþróttir eða æfingar hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga, fjórum sinnum í viku eða oftar árin 2000, 2003 og 2006.	42
Mynd 22.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja fullyrðinguna “ég er hamingjusamur/hamingjusöm” lýsa sér mjög vel eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.	43
Mynd 23.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja fullyrðinguna “ég er sterk(ur) og hraust(ur)” lýsa sér mjög vel eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.	44
Mynd 24.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve sammála eða ósammála þau eru fullyrðingunni “mér finnst ég heilsuhraust(ur)”.	45
Mynd 25.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar eftir námsárangri þeirra.	46
Mynd 26.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.	47
Mynd 27.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleika, og frjálsar íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar árin 2000 og 2006.	48
Mynd 28.	Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda sund, skíði, snjóbretti eða skauta, golf, mótorsport, og bátasport, fjórum sinnum í viku eða oftar árin 2000 og 2006.	49
Mynd 29.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það lýsa sér mjög vel að þau séu hamingjusöm eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi.	51
Mynd 30.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem stunda skipulagt félags- og/eða tómstundastarfi vikulega eða oftar eftir námsárangri þeirra.	52
Mynd 31.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem fara mánaðarlega eða oftar í parti eftir námsárangri þeirra.	53
Mynd 32.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð sl. 30 daga eftir því hve oft þau fara í parti.	54
Mynd 33.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau eru niðri í bæ á kvöldin eða um helgar.	55

- Mynd 34.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi. 56
- Mynd 35.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997, 2003 og 2006 sem fara í bíó, fara á kaffihús, og/eða fara í partí, vikulega eða oftár..... 57
- Mynd 36.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveitanna, KFUM eða KFUK, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar, og æskulýðsstarf annarra trúfélaga, vikulega eða oftár.....58
- Mynd 37.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem spila í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum, stunda tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, myndlistarnám, og leiklist, vikulega eða oftár. 59
- Mynd 38.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem sækja leiksýningar, bókasafn, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska, og myndlistasýningar, vikulega eða oftár..... 60
- Mynd 39.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem stunda félags- eða tómstundastarf í félagsmiðstöð, ungmennastarf Rauða kross Íslands, hestamennsku, útivist, og hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, vikulega eða oftár..... 61
- Mynd 40.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem eyða annað hvort engum tíma í hverri viku eða 4 klst. eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit...62

Listi yfir töflur

Tafla 1.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk.	68
Tafla 2.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk skipt eftir bekk.....	68
Tafla 3.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.....	69
Tafla 4.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá foreldra sína í samræður um persónuleg málefni.	70
Tafla 5.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.	70
Tafla 6.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp með fjölskyldunni.....	71
Tafla 7.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau fara í bíó eða leikhús með fjölskyldunni.	71
Tafla 8.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldunni.	71
Tafla 9.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau spila tölvuleiki með fjölskyldunni.	72
Tafla 10.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau tala saman með fjölskyldunni.	72
Tafla 11.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau fara í ferðalög með fjölskyldunni.	72
Tafla 12.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrum þeirra finnist mikilvægt að þau standi sig vel í námi.	73
Tafla 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera heima.	73
Tafla 14.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilisins.	74
Tafla 15.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvenær þau eiga að vera komin heim á kvöldin.....	74
Tafla 16.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau séu á kvöldin.	75
Tafla 17.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft á við um þau að finnast námið tilgangslaust.....	76
Tafla 18.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft á við um þau að leiðast námið (finna fyrir námsleiða).	76
Tafla 19.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft á við um þau að líða illa í skólanum.	77

Tafla 20.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft á við um þau að langa til að hætta í skólanum.	77
Tafla 21.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft á við um þau að semja illa við kennarana.....	78
Tafla 22.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel þau telja sig standa í námi miðað við jafnaldra sína.....	78
Tafla 23.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum.....	79
Tafla 24.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.	80
Tafla 25.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá vinum sínum.	80
Tafla 26.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp með vinum sínum.	81
Tafla 27.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau fara í bíó eða leikhús með vinum sínum.	81
Tafla 28.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau stunda íþróttir eða útivist með vinum sínum.	82
Tafla 29.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau spila tölvuleiki með vinum sínum.....	82
Tafla 30.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau tala saman með vinum sínum.....	83
Tafla 31.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve oft þau fara í ferðalög með vinum sínum.....	83
Tafla 32.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau taka þátt í íþróttum eða líkamspjálfun í skólanum fyrir utan skyldutíma (leikfimitíma).	84
Tafla 33.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.....	84
Tafla 34.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða æfingar, sem eru hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga.	85
Tafla 35.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.	85
Tafla 36.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir fullyrðingunni: Ég tel mig vera í góðri líkamlegri þjálfun.....	86
Tafla 37.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara á íþróttaviðburði.....	86
Tafla 38.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara í sundlaug utan skólatíma.	87
Tafla 39.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa hætt að stunda íþrótt með íþróttafélagi eftir því hve miklu máli eftirfarandi skipti í ákvörðuninni: Missti áhugann.	87

Tafla 40.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa hætt að stunda íþrótt með íþróttafélagi eftir því hve miklu máli eftirfarandi skipti í ákvörðuninni: Kostnaður (of dýrt).....	88
Tafla 41.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa hætt að stunda íþrótt með íþróttafélagi eftir því hve miklu máli eftirfarandi skipti í ákvörðuninni: Vinir mínir hættu.....	88
Tafla 42.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa hætt að stunda íþrótt með íþróttafélagi eftir því hve miklu máli eftirfarandi skipti í ákvörðuninni: Tímaleysi.....	88
Tafla 43.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa hætt að stunda íþrótt með íþróttafélagi eftir því hve miklu máli eftirfarandi skipti í ákvörðuninni: Mikil samkeppni.	89
Tafla 44.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda handbolta.....	89
Tafla 45.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda fótbolta.....	90
Tafla 46.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda körfubolta.	90
Tafla 47.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda fimleika.	91
Tafla 48.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda frjálssar íþróttir.....	91
Tafla 49.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda tennis, badminton, borðtennis eða veggtennis.	92
Tafla 50.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda sund.	92
Tafla 51.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda sjálfsvarnariþrótt (júdó, box, karate, glímu, taekwondo).	93
Tafla 52.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda líkamsrækt á líkamsræktarstöð.	93
Tafla 53.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda mótorsport.....	94
Tafla 54.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda bátasport.....	94
Tafla 55.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda göngur eða hlaup.....	95
Tafla 56.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda skíði, snjóbretti eða skauta.	95
Tafla 57.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda golf.	96
Tafla 58.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau hjólabretti eða línuskauta.....	96

Tafla 59.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara í bío..	97
Tafla 60.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara á kaffihús.	98
Tafla 61.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara niður í bæ að kvöldi til (eða um helgar).	98
Tafla 62.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara í parti.	99
Tafla 63.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fari á leiksýningar.	99
Tafla 64.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft fara á bókasafn.	100
Tafla 65.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara á klassíska tónleika.....	100
Tafla 66.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara á tónleika (aðra en klassíska tónleika).	101
Tafla 67.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau fara á söfn eða myndlistasýningar.	101
Tafla 68.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu mörgum klst. þau eyða á viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur.	102
Tafla 69.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu mörgum klst. þau eyða á viku í að lesa teiknimyndabækur eða blöð.	102
Tafla 70.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu mörgum klst. þau eyða á viku í að lesa dagblöð.	103
Tafla 71.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu mörgum klst. þau eyða á viku í að lesa tímarit.....	103
Tafla 72.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda félags- og tómstundastarf í félagsmiðstöð.....	104
Tafla 73.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda bekkjarkvöld eða bekkjarskemmtanir á vegum skólans.	105
Tafla 74.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau spila í hljómsveit með nokkrum vinum sínum.	105
Tafla 75.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau taka þátt í tónlistarnámi.	106
Tafla 76.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau taka þátt í skátastarfi.	106
Tafla 77.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau taka þátt í myndlistarnámi.	107
Tafla 78.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau taka þátt í ungliðastarfi björgunarsveita.....	107
Tafla 79.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda ungmennastarf Rauða kross Íslands.	108

Tafla 80.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda skák.	108
Tafla 81.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda hestamennsku.....	109
Tafla 82.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda K.F.U.M. eða K.F.U.K.....	109
Tafla 83.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar.	110
Tafla 84.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda æskulýðsstarf annarra trúfélaga.	110
Tafla 85.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda útivist (fjallgöngur eða útilegur).....	111
Tafla 86.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun.	111
Tafla 87.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda förðun eða hárgreiðslu.	112
Tafla 88.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu oft þau stunda dans.	112
Tafla 89.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvaða trúfélagi þau tilheyra.	113
Tafla 90.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að trúin skipti þau miklu máli.	114
Tafla 91.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að trú á Guð.	114
Tafla 92.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að biðja reglulega til Guðs.....	114
Tafla 93.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að lesa reglulega í ritningu trúar þeirra (t.d. Biblíunni).	115
Tafla 94.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að sækja guðsþjónustur reglulega.	115
Tafla 95.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að taka reglulega þátt í trúarlegu starfi öðru en guðsþjónustu.....	115
Tafla 96.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að geta sótt styrk til Guðs ef á þyrfti að halda.	116
Tafla 97.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að hafa sótt styrk til Guðs þegar á þyrfti að halda.	116
Tafla 98.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að bestu vinir þeirra eru trúaðir.	116
Tafla 99.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að flestir kunningja þeirra eru trúaðir.....	117
Tafla 100.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að móðir (fósturmóðir) þeirra er trúuð.	117

Tafla 101. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hversu vel á við um þau að faðir (fósturfaðir) þeirra er trúaður. 117

Inngangsorð

Rannsóknir & greining hefur um árabíl stundað rannsóknir á högum og líðan ungmenna og unnið náíð með menntamálaráðuneytinu að framkvæmd rannsókna *Ungt fólk*. Rannsóknirnar hafa verið gerðar meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum landsins. Menntamálaráðuneytið, Háskólinn í Reykjavík og Rannsóknir & greining, skrifuðu nýverið undir samstarfssamning um framhald þessara rannsókna til ársloka 2010. Á vormánuðum ársins 2005 varð Rannsóknir & greining að rannsóknarsetri innan Kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík. Aðrir samstarfsaðilar Rannsókna & greiningar eru fjölmargir en stuðningur ráðuneytisins við rannsóknirnar hefur gert það að verkum að velflest sveitarfélög í landinu hafa gert samstarfssamninga um upplýsingaúrvinnslur um ungt fólk, hvert á sínum stað. Þegar rannsókna *Ungt fólk* er getið þá ber sérstaklega að nefna einstaklega gott samstarf við skólastjórnendur, kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þeirra framlag og aðstoð við fyrirlagnir spurningalista hefur undanfarin ár stuðlað að því að svo umfangsmiklar gagnasafnanir sem kannanirnar *Ungt fólk* eru, geti farið fram. Sú samvinna hefur gert það mögulegt að hægt hefur verið að safna gögnum um lífshætti og líðan ungs fólks á Íslandi. Upplýsingar sem þannig er safnað eru þeim sem starfa að málefnum barna og ungmenna ómetanlegt verkfæri.

Hér gefur að líta niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk* sem lögð var fyrir meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi vorið 2006 og unnin er að beiðni menntamálaráðuneytisins. Skýrslan ber nafnið *Ungt fólk 2006 – Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Sambærileg skýrsla, meðal nemenda í grunnskólum, var síðast gefin út árið 2003 en árið 2004 var gerð rannsókn meðal framhaldsskólanema að tilstuðlan ráðuneytisins.

Í þessari skýrslu er sjónum aftur beint að ungmennum í 9. og 10. bekk og eru ítarlegar upplýsingar um hagi og lífshætti þeirra settar fram með margvíslegum hætti. Helstu áherslur eru á upplýsingar um samband nemenda við foreldra og vini, viðhorf nemenda til náms og skóla, upplýsingar um vinnu með námi, íþróttaiðkun og heilsufar, ásamt upplýsingum um tómstundir og frístundastarf. Leitast er við að skýra tengsl ýmissa þátta

í lífi ungs fólks og bent er á hvaða þættir tengjast beint betri líðan og forvörnum meðal ungmenna. Skýrslan inniheldur 40 myndir og 101 töflu og eru myndirnar ýmist lýsandi eða skýrandi. Þannig sýna þær bæði hvernig tilteknir þættir í lífi unglunga tengjast líðan þeirra, námsárangri, líkum á vímuefnanotkun og fleiru, en einnig eru þær lýsandi og sýna þá oft mun milli kynja eða hvort ákveðnir þættir í lífi unglunga hafi tekið breytingum yfir tíma, þá gjarnan með samanburði við árin upplýsingar úr skýrslunum *Ungt fólk 1997* eða *Ungt fólk 2000*. Töflurnar innihalda ítarlegar upplýsingar um þá flokka sem áður eru nefndir.

Með stuðningi við rannsóknirnar *Ungt fólk* tryggir menntamálaráðuneytið mikilvæga öflun upplýsinga um lífshætti ungs fólks sem miðar að því að auka enn á þekkingu á málefnum æsku landsins.

Aðferð og gögn

Þátttakendur og framkvæmd

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr könnun sem lögð var fyrir alla nemendur í 9. – 10. bekk á Íslandi í marsmánuði árið 2006. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsókna & greiningar. Spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem þátttakendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Jafnframt voru þeir vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Samtals fengust gild svör frá 7430 nemendum í 9. og 10. bekk, þar af 3612 stráku og 3620 stelpum, 198 einstaklingar gáfu ekki upp kyn sitt. Heildar svarhlutfall reyndist 80,1%.

Mælitæki

Mælitæki rannsóknarinnar eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður, að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn fyrir árið 2006 inniheldur 105 spurningar í mismunandi mörgum liðum á 36 blaðsíðum. Kvarðar eru gjarnan notaðir sem svarmöguleikar við spurningum til að auka réttmæti spurninganna. Svonefndur Likert-kvarði¹ er þar áberandi.

¹ Sjá nánar: De Vaus 2002.

Samband við foreldra

Mikilvægi sterkra tengsla milli unglunga og foreldra þeirra verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna bera með sér að samvistartími og samvera unglunga með foreldrum og fjölskyldu hafi margvísleg jákvæð áhrif í lífi þeirra². Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja foreldra og eftirlit þeirra með unglungum tengist minni líkum á vímuefnanotkun unglunga³. Unglingar sem eru alla jafna undir eftirliti foreldra sinna, fá mikinn stuðning frá þeim og verja miklum tíma með þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að eignast vini sem hafa neikvæð áhrif í lífi þeirra og þeir eru einnig líklegri en aðrir unglingar til að standast hópþrýsting jafnaldranna en þeir sem hafa veikari tengsl við foreldra sína⁴. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að jákvæð tengsl séu milli stuðnings og aðhalds foreldra og námsárangurs unglunga⁵. Unglingar sem eiga í sterkum, jákvæðum tengslum við foreldra sína eru alla jafna líklegri til að ganga betur í skóla en þeir sem eiga í verra sambandi við foreldra sína og einnig er líklegra að þeim líði vel í skólanum. Þess utan hafa rannsóknir sýnt að unglingar sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína eru ólíklegri en aðrir unglingar til að eiga við margvísleg sálræn og félagsleg vandamál að stríða⁶. Foreldrar veita því unglungum mikilvægt félagslegt taumhald sem nær út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og unglunga.

Myndir 1-6 sýna hvernig aðgengi að ráðleggingum varðandi námið frá foreldrum tengist námsárangri meðal stráka og stelpna í 9. og 10. bekk vorið 2006, hvernig ölvunardrykkja sl. 30 daga tengist magni þess tíma sem unglingar verja með foreldrum sínum á virkum dögum, og hvernig hassneysla stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist eftirliti foreldra með þeim. Þá má sjá hvernig samverutími foreldra og unglunga hefur þróast frá 1997 til 2006 og hvort greina megi kynjamun á eftirliti foreldra með strákum

² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003, Coleman, 1988, Agnew, 1991, Warr, 1993, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Pong o.fl. 2005, Davis-Kean 2005.

³ Barnes og Farrell, 1992, Svensson, 2003, Borawski o.fl. 2003.


⁴ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Svensson 2003.

⁵ Aunola o.fl. 2000, Sheldon og Epstein, 2005, Inga Dóra Sigfúsdóttir 1999.

⁶ Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson 1991, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2004.

og stelpum í 9. og 10. bekk. Að lokum getur að líta mynd sem sýnir hvernig hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa verið úti eftir miðnætti hefur þróast frá 2000 til 2006. Einnig má finna í töflum 3-16 ýmsar upplýsingar um tengsl unglunga við foreldra og fjölskyldu sína.

Á mynd 1 má sjá hvernig námsárangur stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist aðgengi þeirra að ráðleggingum foreldra varðandi námið.




Mynd 1. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja mjög auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum eftir námsárangri⁷ þeirra.

Meirihluti stráka og stelpna í 9. og 10. bekk telur mjög auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum. Á mynd 1 kemur hins vegar fram að hlutfall þeirra stráka og stelpna sem telja mjög auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum er misjafnlega hátt eftir námsárangri þeirra. Sýnir myndin að fæstir strákar í hópi

⁷ Á þessari mynd, sem og annars staðar í skýrslunni þar sem námsárangur kemur við sögu, er námsárangur mældur með fjórum spurningum um einkunnir nemenda undanfarin vetur í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku (eða öðru Norðurlandamáli). Svör við þessum spurningum eru lögð saman í einn kvarða sem svo er skipt í fjóra u.þ.b. jafn stóra hluta.

Þeirra stráka sem eru í lægsta fjórðungi námsárangurs telja mjög auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum, eða 52,3% en hæsta hlutfallið er í hópi þeirra stráka sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs, eða 70,3%. Það sama á við um stelpurnar. Tæp 42% þeirra stelpna sem eru í lægsta fjórðungi námsárangurs telja mjög auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum en tæp 73% þeirra stelpna sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs.

Á mynd 2 kemur fram hvernig samverutími stráka og stelpna í 9. og 10. bekk með foreldrum sínum á virkum dögum tengist áfengisneyslu þeirra.




Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð á sl. 30 dögum eftir því hve oft þeir eru með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.

Vitað er að samverutími unglunga með foreldrum er mikilvægur heilsu þeirra og lífsstíl. Á mynd 2 má sjá að neikvæð tengsl eru á milli þess tíma sem unglingar eyða með foreldrum sínum og hlutfalls þeirra unglunga sem hafa orðið ölvaðir undanfarna 30 daga. Eins og sjá má hafa 26,1% stráka sem eru nær aldrei með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum orðið ölvaðir sl. 30 daga og lækkar þetta hlutfall jafnt og þétt eftir því sem meiri tíma er eytt með foreldrum á virkum dögum. Meðal þeirra stráka sem segjast

nær alltaf vera með foreldrum sínum á virkum dögum eru aðeins um 8,0% sem segjast hafa orðið ölvaðir undanfarna 30 daga. Samskonar þróun má greina meðal stelpna í 9. og 10. bekk. Um 42% stelpna sem eru nær aldrei með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum hafa orðið ölvaðar sl. 30 daga en þetta hlutfall er rúmlega 10% meðal þeirra stelpna sem segjast nær alltaf vera með foreldrum sínum á virkum dögum.

Á mynd 3 má sjá hvernig eftirlit foreldra með strákum og stelpum í 9. og 10. bekk á laugardagskvöldum tengist líkum á því að þau hafi notað hass einhvern tíma um ævina.




Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa notað hass einhvern tíma um ævina eftir því hvort þau telji að foreldrar sínir viti hvar þau eru á laugardagskvöldum.

Eftirlit foreldra með unglingum hefur jákvæð áhrif á lífsstíl þeirra og dregur úr líkum á því að vímuefnanotkun verði hluti af lífsmynstri unglunga. Á mynd 3 má sjá að hlutfall stráka og stelpna sem hafa notað hass lækkar eftir því hve oft þau segja foreldra sína vita hvar þau eru á laugardagskvöldum. Í hópi stráka sem segja foreldra sína nær aldrei vita hvar þeir eru á laugardagskvöldum eru rúm 22% sem hafa notað hass en samsvarandi hlutfall meðal þeirra stráka sem segja foreldra sína nánast alltaf vita hvar þeir eru á

laugardagskvöldum er tæp 4%. Í hópi stelpna sem segja foreldra sína nær aldrei vita hvar þær eru á laugardagskvöldum eru tæp 35% sem hafa notað hass en sama hlutfall meðal þeirra stelpna sem segja foreldra sína nær alltaf vita hvar þær eru á laugardagskvöldum hafa aðeins tæp 3% notað hass einhvern tíma um ævina.

Á mynd 4 má sjá hvernig samverutími stráka og stelpna í 9. og 10. bekk með foreldrum sínum hefur þróast milli ára 1997, 2003 og 2006.




Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997, 2003 og 2006 sem segjast vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.

Við höfum nú séð að tími með foreldrum hefur jákvæð áhrif í lífi unglunga. Á mynd 4 má sjá hvort, og þá hvernig, samverutími unglunga með foreldrum sínum hefur þróast frá árinu 1997 til 2006. Í heild er óhætt að segja að tími unglunga með foreldrum hafi aukist yfir umrætt tímabil. Árið 2006 segja færri unglingar að þeir séu nær aldrei með foreldrum sínum á virkum dögum (10,0%) en árin 1997 (16,6%) og 2003 (13,9%) og hið sama á við um þá sem segjast sjaldan vera með foreldrum sínum á virkum dögum sem eru 19,9% árið 2006 en voru 27,2% árið 1997 og 22,0% árið 2003. Ef hlutfall þeirra unglunga sem segjast oft vera með foreldrum sínum á virkum dögum eru skoðað sérstaklega var þetta hlutfall 16,1% árið 1997, 21,4% árið 2003 og 24,9% árið 2006. Ef hins vegar við skoðum

sérstaklega þá sem segjast nær alltaf vera með foreldrum sínum á virkum dögum kemur í ljós að þetta hlutfall hækkar milli 1997 og 2003 (7,0% í tæp 12%) en dregst svo aftur saman milli 2003 og 2006 þegar það er 7,7%.

Á mynd 5 má sjá hvernig eftirlit foreldra með strákum og stelpum í 9. og 10. bekk á laugardagskvöldum hefur þróast milli áráanna 2003 og 2006.




Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja foreldra sína nær alltaf vita hvar þau eru á laugardagskvöldum árin 2003 og 2006.

Eitt af því sem rannsóknir á sambandi foreldra og unglunga sýna gjarnan, er að eftirlit foreldra hefur margvísleg jákvæð áhrif í lífi unglunga og að foreldrar fylgjast betur með stelpum en strákum⁸. Eins og fram kemur á mynd 5 er þetta einnig staðreynd hér á landi. Árið 2003 sögðust tæp 73% stelpna að foreldrar sínir viti nær alltaf hvar þær eru á laugardagskvöldum en samsvarandi hlutfall var tæp 67% meðal stráka. Árið 2006 hefur munurinn á eftirliti foreldra með strákum og stelpum aukist og enn fremur hefur hlutfall stráka og stelpna sem segja foreldra sína nær alltaf vita hvar þau séu á laugardagskvöldum lækkað meðal beggja kynja. Þannig segja 59,9% stráka og 68,2%

⁸ Sjá t.d. Inga Dóra Sigfúsdóttir (2004), Inga Dóra Sigfúsdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson (í vinnslu), Webb o.fl. 2002, og Svensson, 2003.

stelpna foreldra sína nær alltaf vita hvar þau eru á laugardagskvöldum árið 2006. Hér er því á ferðinni vísbinding um að félagslegt taumhald foreldra hafi heldur dregist saman yfir umrætt tímabil.

Á mynd 6 má sjá hvernig hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir miðnætti hefur þróast milli árana 2000, 2003 og 2006.



Mynd 6. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem hafa verið úti eftir miðnætti undanfarna 7 daga árin 2000, 2003 og 2006.

Eins og fram kemur í inngangi veita foreldrar unglingum mikilvægt félagslegt taumhald. Eitt af því sem endurspeglar slíkt taumhald er hvort unglingar eru úti eftir miðnætti. Vart þarf að taka fram að ólöglegt er að unglingar undir 18 ára aldri séu úti eftir miðnætti yfir vetrarmánuðina. Þrátt fyrir þetta kemur fram á mynd 6 að umtalsverður hluti unglunga í 9. og 10. bekk hefur verið úti eftir miðnætti undanfarna 7 daga fyrir öll árin sem hér eru til skoðunar. Árið 2000 sögðust 46,2% stráka og 49,5% stelpna hafa verið úti eftir miðnætti undanfarna 7 daga en þetta hlutfall lækkaði niður í rúm 39% meðal stráka og í rúm 42% meðal stelpna árið 2003. Hins vegar hefur þetta hlutfall hækkað aftur milli árana 2003 og 2006 í 44,4% meðal stráka og í 46,4% meðal stelpna. Hér er því á ferðinni önnur vísbinding um að félagslegt taumhald foreldra hafi heldur dregist saman sl. ár.

Jafningjahópurinn

Áhrif jafningjahópsins í lífi unglunga hafa mikið verið rannsökuð undanfarin ár og áratugi⁹. Í heild sýna þær að jafningjahópurinn hefur mikil áhrif í lífi unglunga. Ríkjandi viðmið og gildi jafningjahópsins hafa áhrif á viðhorf unglunga til náms¹⁰, þátttöku þeirra í íþróttum og tómstundastarfi¹¹, sem og líkur á vímuefnaneyslu eða annars konar áhættuhegðun¹². Rannsóknir benda einnig til að áhrif jafningjahópsins aukist eftir því sem unglingar verða eldri og að sama skapi dragi úr áhrifum foreldra og annarra fullorðinna í lífi þeirra með hækkandi aldri unglunga. Unglingar sem eru, eða vilja verða, meðlimir í tilteknum hópi jafningja verða að tileinka sér viðmið og gildi hópsins. Hafa rannsóknir þannig sýnt að jafningjahópurinn er gríðarlega mikilvægur hluti af lífi unglunga¹³. Enn fremur er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn unglunga þekki til þeirra hópa sem þeir tilheyra.

Myndir 7-11 sýna hvernig reykingar og ölvun stráka og stelpna í 9. og 10. bekk voru 2006 tengjast reykingum og ölvun jafningja, hvernig virðingarstaða náms tengist hækkandi námsárangri og hvernig virðing gagnvart því að vera á móti reglum fullorðinna tengist námsárangri meðal unglunga. Að síðustu má sjá hvernig ástundun íþróttar og líkamsræktar unglunga tengist slíkri iðkun meðal jafningja. Þá má sjá í töflum 23-31 ýmsar upplýsingar um unglunga og jafningjahópinn.

⁹ Palmquist og Santavirta 2006, Gaughan, 2006, Nash o.fl. 2005, Svensson, 2003, Moody, 2001, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Glynn, 1981, Sutherland og Cressey, 1978, Burkett og Jensen, 1975, Cohen, 1955.


¹⁰ Zettergren 2003.

¹¹ Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson, 1991.

¹² Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

¹³ Rúnar Vilhjálmsson 1994, Þórólfur Þórlindson o.fl. 1998.


Á mynd 7 má sjá hvernig daglegar reykingar stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengjast reykingum vina þeirra.



Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hvort vinir þeirra reyki að staðaldri.

Vitað er að vímuefnanotkun jafningjanna er sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á líkindi þess að unglingar taki að nota vímuefni. Eins og sjá má á mynd 7 er mjög sterkt línulegt samband á milli þess að unglingar reyki daglega og fjölda þeirra vina sem gera það, bæði meðal stráka og stelpna. Í hópi stráka sem segja enga eða fáa vini sína reykja eru ekki nema um 1% sem reykja sjálfir en um leið og komið er upp í hópinn þar sem nokkrir vinir reykja segja 12% að þeir reyki daglega. Þessi tala hækkar svo eftir því sem fleiri vinir reykja og er tæp 65% í hópi þeirra stráka sem segja nær alla vini sína reykja daglega. Þróunin er mjög lík í hópi stelpna. Meðal stelpna sem segja enga eða fáa vini sína reykja eru aðeins rúm 1% sem reykja daglega og hækkar þetta hlutfall mjög eftir því sem fleiri vinir reykja. Þannig reykja um 71% stelpna sem segja nær alla vini sína reykja daglega.


Á mynd 8 má sjá hvernig ölvunardrykkja stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sl. 30 daga tengist ölvunardrykkju vina þeirra.



Mynd 8. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð sl. 30 daga eftir því hvort vinir þeirra verði ölvaðir a.m.k. einu sinni í mánuði.

Líkt og á mynd 7 má sjá hér á mynd 8 að ölvunardrykkja unglunga hefur mjög sterk línuleg tengsl við ölvunardrykkju jafningjanna. Í hópi stráka sem eiga enga eða fáa vini sem verða ölvaðir a.m.k. einu sinni í mánuði hafa 4.6% orðið ölvaðir sl. 30 daga. Þá hafa rúm 23% þeirra stráka sem eiga nokkra vini sem verða ölvaðir a.m.k. mánaðarlega orðið ölvaðir sl. 30 daga. Þetta hlutfall hækkar svo jafnt og þétt eftir því sem fleiri vinir verða ölvaðir a.m.k. mánaðarlega og er hæst meðal þeirra stráka sem segja nær alla vini sína verða ölvaða mánaðarlega eða oftar, eða rúmlega 68%. Samskonar þróun má greina meðal stelpna, og raunar eru innbyrðis tölur milli sömu svarflokka stráka og stelpna mjög líkar. Þannig hafa 3,7% stelpna sem segja enga eða fá vini sína verða ölvaða a.m.k. mánaðarlega orðið ölvaðar sl. 30 daga og rúm 23% þeirra stelpna sem eiga nokkra vini sem verða ölvaðir a.m.k. mánaðarlega. Tæp 67% stelpna sem segja nær alla vini sína verða ölvaða a.m.k. mánaðarlega hafa orðið ölvaðar á undanförunum 30 dögum.


Á mynd 9 má sjá hvernig virðingarstaða náms í jafningjahópnum tengist námsárangri stráka og stelpna í 9. og 10. bekk.



Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það auka virðingu í vinnuhópi sínum mikið eða nokkuð að standa sig vel í námi eftir námsárangri þeirra.

Þegar röðin kemur að námsárangri má einnig sjá tilhneigingu sem undirstrikar áhrif jafningjahópsins í lífi unglunga. Tengslin eru línuleg þó ekki séu þau eins sterk og þegar um reykingar og ölvunardrykkju er að ræða. Má þannig sjá á mynd 9 að hlutfall unglunga sem telja það auka virðingu í vinnuhópnum mikið eða nokkuð að standa sig vel í námi er hæst meðal þeirra sem gengur best í námi en lægst meðal þeirra sem gengur verst í því. Þannig má sjá að í hópi stráka sem eru í lægsta fjórðungi segja tæp 39% að það auki virðingu í vinnuhópi sínum mikið eða nokkuð að standa sig vel í námi en þetta hlutfall er tæp 57% í hópi þeirra sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs. Þróunin meðal stelpna er á sömu leið. Í hópi stelpna sem eru í lægsta fjórðungi námsárangurs segja tæp 40% að það auki virðingu í vinnuhópi sínum mikið eða nokkuð að standa sig vel í námi en þetta hlutfall er rúm 64% í hópi stelpna sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs.


Á mynd 10 má sjá hvernig virðing fyrir reglum fullorðinna tengist námsárangri stráka og stelpna í 9. og 10. bekk.



Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það auka virðingu í vinahópi sínum mikið eða nokkuð að vera á móti reglum fullorðinna eftir námsárangri þeirra.

Rétt eins og á mynd 9 ber með sér að jákvæð tengsl séu á milli virðingarstöðu náms í jafningjahópi og námsárangurs, má sjá hér á mynd 10 að það að vera á móti reglum fullorðinna tengist námsárangri með neikvæðum hætti meðal unglunga. Fram kemur að rúm 18% stráka í lægsta fjórðungi námsárangurs telja að það auki virðingu mikið eða nokkuð í þeirra vinahópi að vera á móti reglum fullorðinna en þetta hlutfall lækkar jafnt og þétt eftir því sem námsárangur batnar. Þannig segja 13,6% stráka í hæsta fjórðungi námsárangurs að það auki virðingu mikið eða nokkuð að vera á móti reglum fullorðinna. Svipað er uppi á teningnum meðal stúlkna. Meðal stelpna í hæsta fjórðungi námsárangurs eru rúm 15% sem segja það auka virðingu í sínum vinahópi mikið eða nokkuð að vera á móti reglum fullorðinna en þetta hlutfall lækkar eftir því sem námsárangur batnar og er aðeins 8,2% meðal stelpna í hæsta fjórðungi námsárangurs.

Á mynd 11 má sjá hvernig íþrótt- og líkamsrættariðkun stráka og stelpna í 9. og 10. bekk helst í hendur við íþróttaiðkun og líkamsþjálfun besta vinar/vinkonu þeirra.



Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja besta vin sinn/vinkonu sína oft stunda íþróttir eða líkamsþjálfun eftir því hve oft þau sjálf stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.

Fram kemur síðar í skýrslunni að rannsóknir hafa sýnt að iðkun íþróttar og líkamsrættar hefur margvísleg jákvæð áhrif í lífi unglunga. Á mynd 11 kemur fram að þeim mun oftast segja strákar og stelpur æfa íþróttir og/eða líkamsrækt því líklegri er að besti vinur þeirra stundi oft íþróttir og/eða líkamsþjálfun. Í hópi stráka sem stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt eru 28,6% sem segja besta vin sinn oft stunda íþróttir og/eða líkamsþjálfun. Þetta hlutfall er 43% meðal þeirra stráka sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt 1-3 sinnum í viku og tæp 70% meðal þeirra stráka sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt 4 sinnum í viku eða oftast. Samsvarandi tölur meðal stelpna eru nánast eins. Segja þannig tæp 27% stelpna sem stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt að besta vinkona þeirra stundi oft íþróttir og/eða líkamsþjálfun en þetta hlutfall er rúm 43% meðal þeirra stelpna sem segjast stunda íþróttir og/eða líkamsrækt 1-3 sinnum í viku. Þá segja rúm 69% þeirra stelpna sem æfa íþróttir og/eða líkamsrækt 4 sinnum í viku eða oftast að besta vinkona þeirra stundi oft íþróttir og/eða líkamsþjálfun.

Nám og skóli

Sýnt hefur verið fram á að tengsl unglunga við skólann og líðan þeirra í honum séu mikilvægir þættir fyrir almenna velferð þeirra¹⁴. Í nútíma samfélagi er námsárangur sífellt mikilvægari þáttur í vegsemd einstaklinga. Það er því mikilvægt að unglungum í efstu bekkjum grunnskóla, stelpum jafnt sem stráku, líði vel í skólanum sínum og að þeir tengist honum og náminu sjálfu sterkum böndum. Niðurstöður rannsókna benda til að skuldbinding 15-16 ára unglunga við nám og skóla hafi mikilvæg og jákvæð áhrif á þá og dragi úr líkum á áhættu hegðun, svo sem vímuefnaneyslu¹⁵ og ofbeldishegðun¹⁶. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur sem eru jákvæðir gagnvart skólanum og líður vel í honum eru alla jafna líklegri en aðrir nemendur til að leggja á sig það sem þarf til að gera vel í námi sínu¹⁷.

Myndir 12 til 16 sýna hvernig námsárangur stráka og stelpna í 9. og 10. bekk vorðið 2006 tengist reykingum meðal þeirra, hvernig ölvun sl. 30 daga tengist líðan unglunga í skóla og hvernig skuldbinding við nám tengist ánægju með eigin námsárangur. Einnig getur að líta mynd sem sýnir hlutfall stráka og stelpna sem telja líklegt að þau fari í mennta- eða fjölbrautaskóla, í verk- eða iðnnám, eða að vinna að loknum 10. bekknum sem og hvernig hlutfall stráka og stelpna sem telja líklegt að þau muni sækja sér menntun á háskólastigi hefur breyst milli ára 1997 og 2006. Þá er að finna í töflum 17-22 ýmsar upplýsingar sem tengjast námi og skóla meðal unglunga.


¹⁴ Coleman, 1988, Hirchi, 1969.

¹⁵ Ingibjörg Kaldalóns, 1996, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

¹⁶ Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

¹⁷ Sanders, 1998.


Á mynd 12 má sjá hvernig daglegar reykingar stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengjast námsárangri þeirra.



Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir námsárangri þeirra.

Eins og fram kom í inngangi er vitað að áhættuhegðun unglunga og áhugi á námi eru þættir sem tengjast með neikvæðum hætti. Á mynd 12 má sjá að hlutfall nemenda sem reykja daglega er hæst meðal þeirra sem sýna lakastan námsárangur en lægst meðal þeirra sem standa sig best í námi. Í hópi stráka í lægsta fjórðungi námsárangurs reykja 14,6% daglega en samsvarandi hlutfall lækkar niður í 6,2% meðal þeirra sem eru í næstlægsta fjórðungi námsárangurs. Meðal þeirra stráka sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs eru aðeins 1,5% sem reykja daglega. Í hópi stelpna er þróunin svipuð. Reyndar reykja fleiri stelpur daglega en strákar og því eru flestar tölurnar hærri meðal þeirra en strákanna. Hins vegar er þróunin í tengslum við námsárangur sú sama. Í hópi stelpna í lægsta fjórðungi námsárangurs eru 22,8% sem reykja daglega en samsvarandi hlutfall er tæp 12% meðal þeirra stelpna sem eru í næstlægsta fjórðungi námsárangurs. Meðal þeirra stelpna sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs eru ekki nema 1,5% sem reykja daglega, sem er sama hlutfall og meðal stráka sem gengur best í námi.


Á mynd 13 má sjá hvernig ölvunardrykkja stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist líðan þeirra í skólanum.



Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð sl. 30 daga eftir því hvort þau segi það eiga við sig að þeim líði illa í skólanum.

Mynd 13 sýnir að líðan í skóla og líkur á áhættuhegðun í formi ölvunardrykkju sl. 30 daga eru þættir sem tengjast með neikvæðum hætti. Það er að segja, þegar líðan í skóla batnar minnka líkurnar á því að unglingar hafi orðið ölvaðir sl. 30 daga. Í hópi stráka sem segja það eiga nær alltaf við um sig að þeim líði illa í skólanum hafa 31,4% orðið ölvaðir sl. 30 daga. Hlutfall þeirra stráka sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga lækkar svo jafnt og þétt eftir því sem þeir segja það eiga sjaldnar við sig að þeim líði illa í skólanum. Er þetta hlutfall því lægst meðal þeirra stráka sem segja það nær aldrei eiga við um sig að þeim líði illa í skólanum, eða 14,8%. Svipuð þróun er uppi á teningnum meðal stelpna. Hlutfallslega flestar þeirra, sem segja það eiga nær alltaf við um sig að þeim líði illa í skólanum, hafa orðið ölvaðar sl. 30 daga, eða rúm 28%. Samsvarandi hlutfall meðal þeirra stelpna sem segja það nær aldrei eiga við um sig að þeim líði illa í skólanum er rétt rúm 17%. Þess ber þó að geta hér, að langsamlega flestum unglingum, bæði stelpum og strákum, líður alla jafna vel í skólanum.

Á mynd 14 kemur fram hvernig skuldbinding við nám meðal stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist ánægju með eigin námsárangur.




Mynd 14. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast mjög ánægð með eigin námsárangur í vetur eftir því hve miklum tíma þau verja daglega í heimanám.

Sá tími sem unglingar verja í heimanám er vísbending um skuldbindingu þeirra við nám. Rannsóknir hafa sýnt að tengsl séu milli magns þess tíma sem unglingar nota til heimanáms og námsárangurs þó ekki séu þau alltaf línuleg¹⁸. Það er, ekki er endalaust hægt að hækka einkunnir með því að eyða meiri tíma í heimanám. Mynd 14 sýnir hins vegar að eftir því sem strákar og stelpur verja meiri tíma í heimanám þeim mun líklegri eru þau til að vera mjög ánægð með eigin námsárangur. Í hópi stráka sem segjast aldrei vinna heimavinnu segja 13,1% að þeir séu mjög ánægðir með eigin námsárangur í vetur. Þetta hlutfall hækkar jafnt og þétt eftir því sem þeir segjast eyða meiri tíma í heimanám og er rúm 40% í hópi þeirra sem eyða um 3 klst. á dag eða meira í heimanám sitt. Svipaða þróun má greina meðal stelpna. Í hópi þeirra stelpna sem segjast aldrei vinna heimavinnu eru aðeins 9,6% sem segjast ánægðar með eigin námsárangur í vetur og

¹⁸ Keith, 1982, Holmes og Croll 1989.

hækkar þetta hlutfall eftir því sem stelpur eyða meiri tíma í heimanám. Eru þannig tæp 35% stelpna sem segjast eyða um 3 klst. eða meira í heimanám á dag mjög ánægðar með eigin námsárangur í vetur.


Á mynd 15 má sjá hvað strákar og stelpur í 9. og 10. bekk telji líklegast að þau geri að loknum 10. bekknum.



Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem telja líklegt að þau fari í mennta- eða fjölbrautaskóla, verk- eða iðnnám, eða að vinna að loknum 10. bekknum.

Aðsókn ungs fólks í menntun á æðri stigum hefur aukist mjög hér á landi undanfarin ár. Á mynd 15 má sjá hvað strákar og stelpur í 9. og 10. bekk sjá fyrir sér að þau geri að loknum 10. bekknum. Eins og sjá má ætlar yfirgnæfandi meirihluti nemenda beggja kynja að fara í áframhaldandi nám að 10. bekk loknum. Þó kemur hér fram ákveðinn kynjamunur. Fleiri stelpur en strákar ætla í mennta- eða fjölbrautaskóla, eða um 90% stelpna á móti um 75% stráka. Hins vegar ætla töluvert fleiri strákar en stelpur í iðn- eða verknám, eða 21,5% á móti rúmum 8% stelpna. Mjög fáir nemendur sjá það fyrir sér að þeir fari beint að vinna að loknum 10. bekknum, eða 3,4% stráka og 1,8% stelpna.

Á mynd 16 má sjá hvernig hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem telja líklegt að þeir fari í háskólanám hefur tekið breytingum milli 1997 og 2006.



Mynd 16. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997 og 2006 sem telja frekar eða mjög líklegt að þau fari í háskólanám.

Rannóknarskýrslan *Ungt fólk* frá árinu 2005¹⁹ sýndi meðal annars að gríðarleg aukning hefur átt sér stað síðastliðin ár í hlutfallslegum fjölda framhaldsskólanema sem ætla sér að sækja háskólanám. Á mynd 16 má sjá hvernig þetta hlutfall hefur breyst milli árana 1997 og 2006 meðal stráka og stelpna í 9. og 10. bekk. Árið 1997 sögðust tæp 52% stráka og tæp 51% stelpna telja mjög líklegt að þau færu í háskólanám síðar í lífinu. Þetta hlutfall hefur hækkað mjög milli tímabila og er nú 66,8% meðal stráka og 77,3% meðal stelpna. Bæði hefur þetta hlutfall hækkað mikið meðal beggja kynja en einnig kemur fram að hækkingin er töluvert meiri meðal stelpna. Þetta er í samræmi við fjölgun kvenna miðað við fjölda karla sem nú sækja háskólanám hér á landi og þróun þess undanfarin ár.

¹⁹ Sjá, Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005.

Atvinna og fjárhagsstaða fjölskyldu

Gjarnan er sagt að það sé fjárhagslega dýrt að vera unglingur og/eða að hafa börn eða unglunga í sinni umsjá. Á Íslandi hefur löngum tíðkast að unglingar vinni á sumrin og margir þeirra vinna einnig hlutastörf með námi sínu, þótt skyldunám sé. Á vef Alþýðusambands Íslands er að finna eftirfarandi tilvitnun frá árinu 1999:

Því verður ekki mótmælt, að börn eru fjárhagsleg byrði í nútímasamfélagi. Bæði er að hvert barn er dýrara, þar sem börn í hverri fjölskyldu eru færri en áður og kröfurnar um velferð þeirra og atlæti verða meiri. Ofan á þetta bætist, að fólk eignast yfirleitt börn á þeim tíma sem efnahagslegt álag er mest á fjölskyldum af öðrum ástæðum. Barnafólk er á þeim aldri að það er á sama tíma og börnin eru ung að hefja búskap og koma sér upp húsnæði (Vinnan, 4.tbl. 1999).

Í ljósi þessa og með þá trú margra Íslendinga að leiðarljósi að félagslegur jöfnuður sé meiri hér á landi en víða annars staðar²⁰ ásamt þeirri staðreynd að Ísland er mjög ofarlega á alþjóðlegum listum um lífsgæði²¹ er athyglisvert að kanna hvernig fjárhagsstaða fjölskyldunnar og atvinna unglunga í 9. og 10. bekk tengjast ýmsum þáttum í lífi þeirra. Hafa rannsóknir á tengslum vinnu með námi og námsárangurs sýnt að óæskilegt sé að unglingar vinni mikið með námi sínu²².


Á mynd 17 má sjá hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 og 2006 eftir því hve mikið þau vinna með námi og hvort þetta hlutfall hafi breyst yfir umrætt tímabil. Myndir 18-20 sýna hvernig fjárhagsstaða fjölskyldunnar tengist því hve mikið strákar og stelpur í 9. og 10. bekk vinna með náminu og hvernig fjárhagsstaða fjölskyldunnar tengist þátttöku í starfi íþróttafélaga og skipulögðu félags- og tómstundastarfi.

²⁰ Sjá t.d. Álfgeir Logi Kristjánsson 2007, Harpa Njáls 2003.

²¹ Countries with the highest quality of life (www.aneki.com).

²² Hawkins o.fl. 2005, Trockel o.fl. 2000.


Á mynd 17 getur að líta hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem vinna með skólanum og hvernig það hefur breyst milli ára 1997 og 2006.



Mynd 17. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 og 2006 eftir því hve mikið þau vinna með náminu í viku hverri.

Löngum hefur talist til dyggðar hér á landi að vera duglegur að vinna. Unglingar byrja gjarnan að vinna einhvers konar störf sumarið eftir 8. bekk en sumir hefja störf fyrr. Á mynd 17 má sjá að heildarhlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem vinna með námi sínu hefur ekki breyst mikið milli ára 1997 og 2006. Það er, árið 1997 sögðust 37,3% stunda einhverja vinnu með námi en þetta hlutfall er 36,1% árið 2006. Hins vegar virðist vera um aukningu að ræða í magni þess tíma sem vinnandi unglíngar verja að jafnaði til vinnu í viku hverri. Þannig vinna færri nú í 1-4 klst á viku en árið 1997, 18,3% á móti 12,3% árið 2006, og einnig er lítilsháttar lækkun á hlutfalli þeirra sem vinna 5-9 klst á viku milli tímabila, fer úr 10,3% árið 1997 í 9,5% árið 2006. Hins vegar hefur hlutfall þeirra sem vinna 10-14 klst á viku aukist úr 4,2% árið 1997 í 6,6% árið 2006 og hlutfall þeirra sem vinna 15 klst eða meira á viku hefur aukist enn meira yfir umrætt tímabil, eða úr 4,4% árið 1997 í 7,7% árið 2006.


Á mynd 18 má sjá hvort fjárhagsstaða fjölskyldunnar meðal stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist því hve mikið þau vinna með náminu.



Mynd 18. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem vinna 15 klst. á viku eða meira eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.

Eins og sjá má á mynd 18 eru tengsl á milli fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og vinnu unglunga í 9. og 10. bekk. Á myndinni kemur fram að lítill munur er á hlutfallslegum innbyrðis fjölda stráka og stelpna sem vinna 15 klst. eða meira á viku með námi sínu ef þau telja fjölskylduna betur eða álíka vel fjárhagslega stæða og aðrar fjölskyldur. Hins vegar er meiri munur á milli þeirra unglunga sem segja fjölskyldu sína álíka vel stæða og aðrar og þeirra sem segja hana verr stæða en aðrar fjölskyldur. Meðal stráka sem segja að fjölskylda sín sé verr stæð en aðrar fjárhagslega eru 10,7% sem vinna 15 klst. eða meira á viku en samsvarandi hlutfall er 5,9% meðal þeirra stráka sem segja fjölskyldu sína álíka vel fjárhagslega stæða og aðrar. Samsvarandi munur í hópi stelpna er 12,5% á móti 8,2%. Hér er því á ferðinni vísbending um að nemendur í 9. og 10. bekk sem koma frá verr stæðum fjölskyldum séu líklegri til að vinna meira með námi sínu en aðrir nemendur.


Á mynd 19 má sjá hvort fjárhagsstaða fjölskyldu nemenda í 9. og 10. bekk tengist þátttöku þeirra í starfi íþróttafélaga.



Mynd 19. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem taka nær aldrei þátt í íþróttastarfi íþróttafélaga og taka þátt í starfi íþróttafélaga 4 sinnum í viku eða oftar, eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.

Eftir að hafa séð á mynd 18 að þeir unglingar í 9. og 10. bekk sem telja fjölskyldu sína fjárhagslega verr stæða en aðrar eru líklegri til að vinna 15 klst. eða meira á viku en aðrir unglingar er mikilvægt að meta hvort tækifæri unglunga til íþróttar og tómstundaiðkunar séu ólík eftir fjárhagsstöðu fjölskyldu þeirra. Á mynd 19 má sjá að unglingar á þessu aldursbili sem telja fjölskyldu sína verr fjárhagslega stæða en aðrar fjölskyldur eru líklegri til að stunda nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi (skipulagt íþróttastarf) en þeir unglingar sem telja fjölskyldu sína fjárhagslega álíka vel eða betur stæða og aðrar. Á sama hátt eru þeir unglingar í 9. og 10. bekk sem telja fjölskyldu sína verr fjárhagslega stæða en aðrar fjölskyldur ólíklegri til að stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar en þeir unglingar sem telja fjölskyldu sína fjárhagslega álíka vel eða betur stæða en aðrar. Hér er því á ferðinni vísbending um að fjárhagur fjölskyldu tengist líkum á því að unglingar stundi skipulagt íþróttastarf.

Á mynd 20 má sjá hvort fjárhagsstaða fjölskyldu nemenda í 9. og 10. bekk tengist þátttöku þeirra í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi.



Mynd 20. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem taka nær aldrei þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi og þeirra sem taka þátt í slíku starfi tvisvar sinnum í viku eða oftar, eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.

Mynd 20 fjallar um samskonar hluti og mynd 19 nema að hér er verið að skoða þátttöku í skipulögðu félags- og tómstundastarfi eftir fjárhagsstöðu fjölskyldu. Í stuttu máli má greina samskonar tilhneingingu og á mynd 19 en munur milli hópa er ekki eins mikill. Í hópi þeirra unglunga sem segja fjölskyldu sína verr fjárhagslega stæða en aðrar fjölskyldur eru 41,9% sem taka nær aldrei þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. Samskonar hlutfall er 35,9% í hópi þeirra sem telja fjölskyldu sína álíka vel fjárhagslega stæða og aðrar fjölskyldur en 32,9% meðal þeirra unglunga sem telja fjölskyldu sína betur stæða en aðrar fjölskyldur. Greina má lítilsháttar mun þegar kemur að því að meta hlutfall þeirra sem stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf tvisvar sinnum í viku eða oftar eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og tilhneigingin er í sömu átt og áður. Hins vegar er þessi munur of lítil til að vera tölfræðilega marktækur.

Íþróttir og heilsa

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að iðkun íþróttar og líkamsræktar sé holl og góð fyrir börn og unglunga. Íþróttaiðkun og regluleg hreyfing dregur úr líkum á áhættu hegðun þeirra. Hafa rannsóknir sýnt að íþróttaiðkun og þjálfun líkamans eru dæmi um heilsusamlegan lífsstíl sem minnkar líkur á því að unglingar tileinki sér þá lifnaðarhætti sem fylgja notkun vímuefna²³. Rannsóknir hafa einnig sýnt að íþróttir sem eru stundaðar undir eftirliti ábyrgra aðila, svo sem íþróttþjálfara eða leiðbeinanda, draga enn frekar úr líkum á áhættu hegðun eins og neyslu vímuefna²⁴. Aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að íþróttaiðkun, hreyfing og heilsurækt hafi margvísleg önnur jákvæð áhrif í lífi unglunga. Til að mynda hefur verið sýnt fram á að hreyfing og þjálfun líkamans tengist námsárangri með jákvæðum hætti²⁵, hafi jákvæð áhrif á mataræði²⁶ og sjálfstraust²⁷. Þá sýna rannsóknir að íþróttir og hreyfing dragi úr líkum á offitu²⁸ og hafi jákvæð áhrif á svefn og svefnvenjur meðal unglunga²⁹. Engum blöðum er því um það að fletta að íþróttaiðkun og annars konar líkamleg hreyfing hefur margvísleg jákvæð áhrif á líf og líðan barna og unglunga.

Myndir 21-26 sýna þróun yfir íþróttaiðkun unglunga í 9. og 10. bekk frá 2000 til 2006, og hvernig íþróttaiðkun og líkamleg hreyfing tengist ýmsum þáttum í lífi stráka og stelpna í 9. og 10. bekk vorið 2006. Má hér nefna tengsl milli íþróttar- og líkamsræktariðkunar og reykinga við sjálfsmýnd, og hvernig íþróttir og líkamsrækt tengjast námsárangri. Einnig sýna myndir 27 og 28 hlutfall nemenda sem iðka tilteknar

²³ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003. Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

²⁴ Moore og Werch, 2005.

²⁵ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006.

²⁶ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Pate o.fl. 2000,


²⁷ Tremblay o.fl. 2000, Allegrante 2004.

²⁸ Allegrante, 2004, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Taras og Potts-Datema, 2005a.

²⁹ Taras og Potts-Datema, 2005b.

greinar íþróttá árin 2000 og 2006 og töflur 32 til 58 innihalda margvíslegar upplýsingar um íþróttaiðkun og heilsutengdan lífsstíl unglunga.


Á mynd 21 kemur fram hvernig hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stundar íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar hefur þróast milli ára 2000 og 2006.



Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir eða líkamsþjálfun í skólanum fyrir utan skyldutíma, íþróttir með íþróttafélagi, og íþróttir eða æfingar hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga, fjórum sinnum í viku eða oftar árin 2000, 2003 og 2006.

Fram hefur komið að iðkun íþróttá og líkamsræktar hafi margvísleg jákvæð áhrif í lífi unglunga og að slík þátttaka dragi úr líkum á áhættuhegðun meðal þeirra. Á mynd 21 má sjá hvernig íþróttáþátttaka og ástundun nemenda í 9. og 10. bekk hefur þróast milli ára 2000 og 2006. Eins og sjá má fjölgaði þeim sem taka þátt í íþróttum eða líkamsþjálfun í skólanum fjórum sinnum í viku eða oftar, fyrir utan skyldutíma, úr 21% í rúm 25% milli ára 2000 og 2003 en fækkar nú aftur og er hlutfallið rúm 19% árið 2006. Þá kemur fram að hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem æfa íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar hefur fjölgað yfir tímabilið, úr tæpum 28% árið 2000 í tæp 32% árið 2006. Hins vegar fækkar þeim lítillega sem taka þátt í íþróttum eða æfingum sem hvorki eru á vegum skólans eða íþróttafélaga, fjórum sinnum í viku eða oftar, yfir umrætt tímabil. Fer hlutfallið úr 17,7% árið 2000 í rúm 16% árið 2006.


Á mynd 22 kemur fram hvernig hamingja stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist íþrótt- og líkamsræktariðkun þeirra.



Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja fullyrðinguna “ég er hamingjusamur/hamingjusöm” lýsa sér mjög vel eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.

Eins og sjá má á mynd 22 eru jákvæð tengsl á milli líkinda til þess að strákar og stelpur í 9. og 10. bekk telji sig hamingjusöm og hversu oft þau iðka íþróttir og/eða líkamsrækt. Hér er því á ferðinni vísbending um jákvæð áhrif íþrótt- og líkamsræktariðkunar fyrir andlega líðan unglunga. Vitað er að þeir unglingar sem alla jafna líður vel eru ólíklegri til að nota vímuefni eða taka þátt í annars konar áhættuþingun en aðrir unglingar. Á myndinni má sjá að í hópi stráka sem stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt eru 34,6% sem segja það lýsa sér mjög vel að þeir séu hamingjusamir. Þetta hlutfall er hins vegar rúm 56% meðal þeirra stráka sem segjast stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar. Á sama hátt segja um 36% stelpna sem stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt það lýsa sér mjög vel að þær séu hamingjusamar en samsvarandi hlutfall meðal stelpna sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar er tæp 59%.

Á mynd 23 má sjá hvernig sjálfsmynd stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist íþróttá- og líkamsræktariðkun þeirra.




Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja fullyrðinguna “ég er sterk(ur) og hraust(ur)” lýsa sér mjög vel eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.

Eins og fram hefur komið er vitað að jákvæð tengsl eru á milli iðkunar íþróttá- og líkamsræktar og fjölmargra jákvæðra þátta í lífi unglunga. Einn af þessum þáttum er sjálfsmynd þeirra. Það er, sú hugmynd sem unglingar hafa um sjálfa sig í félagslegu samhengi. Mynd 23 sýnir að jákvæð tengsl eru á milli þess að finnast fullyrðingin “ég er sterk(ur) og hraust(ur) lýsa sér mjög vel og hve oft unglingar stunda íþróttir og/eða líkamsrækt. Í hópi þeirra stráka sem segjast nær aldrei stunda íþróttir og/eða líkamsrækt eru 19% sem segja fullyrðinguna “ég er sterkur og hraustur” lýsa sér mjög vel. Þetta hlutfall er töluvert hærra, eða rúm 26% meðal þeirra stráka sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt 1-3 sinnum í viku, og mun hærra meðal þeirra sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar, eða 42,2%. Meðal stelpna kemur fram lítill munur á því að stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt og að gera það 1-3 sinnum í viku (11,2% og 12,8% segja fullyrðinguna “ég er sterk og hraust” lýsa sér mjög vel), sem undirstrikar að íþróttá- og líkamsræktariðkun hefur meiri áhrif á sjálfsmynd stráka en stelpna, en munurinn er mikill þegar röðin kemur að þeim stelpum sem stunda íþróttir

og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar. Meðal þeirra eru tæp 35% sem segja fullyrðinguna “ég er sterk og hraust” lýsa sér mjög vel.


Á mynd 24 má sjá hvernig daglegar reykingar tengjast hugmyndum stráka og stelpna í 9. og 10. bekk um eigin heilsu.



Mynd 24. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve sammála eða ósammála þau eru fullyrðingunni “mér finnst ég heilsuhraust(ur)”.

Á mynd 24 má sjá að daglegar reykingar eru dæmi um áhættu hegðun sem tengist sjálfsmýnd unglunga með neikvæðum hætti. Þeir unglingar sem segjast frekar eða mjög ósammála því að þeim finnst þeir heilsuhraustir eru mun líklegri til að reykja daglega en unglingar sem segjast mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Í hópi stráka sem segjast mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeir séu heilsuhraustir eru 4.7% sem reykja daglega en þetta hlutfall hækkar jafnt og þétt eftir því sem þeir eru meira ósammála því að þeir séu heilsuhraustir og er um 18% í hópi þeirra stráka sem segjast mjög ósammála því að þeir séu heilsuhraustir. Samskonar tengsl eru enn skýrari í hópi stúlkna. Aðeins 3,9% stelpna sem segjast mjög sammála því að þær séu heilsuhraustar reykja daglega en samsvarandi hlutfall meðal stelpna sem eru mjög ósammála því að þær séu heilsuhraustar er yfir 31%.


Á mynd 25 má sjá hvernig ástundun íþróttar- og líkamsræktar stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist námsárangri þeirra.



Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar eftir námsárangri þeirra.

Fram kom í inngangi þessa hluta að rannsóknir hafa sýnt að iðkun íþróttar og líkamsræktar hefur margvísleg jákvæð áhrif á líf og líðan unglinga. Eitt af því sem íþróttar- og líkamsræktariðkun tengist með jákvæðum hætti er námsárangur. Fram kemur á mynd 25 að hlutfall þeirra sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar er hlutfallslega hærra eftir því sem námsárangur hækkar. Þannig stunda 42,7% þeirra stráka sem eru í lægsta fjórðungi námsárangurs íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar, 53,0% í hópi þeirra sem eru í næstlægsta fjórðungi námsárangurs en 65,2% þeirra stráka sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs stunda íþróttir og/eða líkamsrækt svo oft. Tengslin eru svipuð meðal stelpna. Í lægsta fjórðungi námsárangurs eru fæstar hlutfallslega sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar, eða 26,8%. Þetta hlutfall hækkar jafnt og þétt eftir því sem námsárangur batnar og er hæst í hópi þeirra stelpna sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs, eða 55,5%.


Á mynd 26 má sjá hvort daglegar reykingar nemenda í 9. og 10. bekk tengist iðkun íþróttar og líkamsræktar.



Mynd 26. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.

Engum blöðum er um það að fletta að iðkun íþróttar og/eða líkamsræktar tengist vímuefnanotkun með neikvæðum hætti. Fram kemur á mynd 26 að þannig er þetta einnig þegar kemur að daglegum reykingum. Hlutfall unglunga sem reykja daglega er lægst meðal þeirra sem oftast iðka íþróttir og/eða líkamsrækt. Af þeim strákum sem stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt eru um 12.5% sem reykja daglega. Um 10,4% stráka sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt 1-3 sinnum í viku reykja daglega en aðeins um 4% þeirra stráka sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar reykja daglega. Þetta mynstur er enn skýrara meðal stelpna. Tæp 25% stelpna sem stunda nær aldrei íþróttir og/eða líkamsrækt reykja daglega en þetta hlutfall fellur niður í tæp 10% þegar skoðaður er sá hópur stelpna sem stundar íþróttir og/eða líkamsrækt 1-3 sinnum í viku. Hins vegar reykja einungis 3,5% stelpna í hópi þeirra sem stunda íþróttir og/eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar.

Á mynd 27 má sjá hvort hlutfallsleg þátttaka nemenda í 9. og 10. bekk í handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleikum og frjálsum íþróttum hafi breyst frá 2000 til 2006.




Mynd 27. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleika, og frjálssar íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar árin 2000 og 2006.

Í ljósi þess að iðkun íþróttar og líkamsræktar hefur jákvæð áhrif á líf og líðan unglinga er ekki úr vegi að skoða hvort, og þá hvernig, hlutfall iðkenda hafi breyst í nokkrum þeirra milli árána 2000 og 2006. Á myndum 27 og 28 (næsta síða) má sjá hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekna íþróttgreinar fjórum sinnum í viku eða oftar. Fram kemur á mynd 26 að árið 2000 sögðust 4,3% unglinga í 9. og 10. bekk stunda handbolta fjórum sinnum í viku eða oftar. Árið 2006 hefur handboltaiðkendum sem leggja stund á greinina fjórum sinnum í viku eða oftar hins vegar fjölgað í 6,6%. Fótboltaiðkendum fjölga einnig yfir tímabilið samkvæmt þessari framsetningu á fjölda iðkenda. Þeir sem iðka fótbolta fjórum sinnum í viku eða oftar voru rúm 14% árið 2000 en eru rúm 17% árið 2006. Þá hefur þeim sem iðka körfubolta fjórum sinnum í viku eða oftar fækkað heldur yfir umrætt tímabil. Voru þeir 7,9% árið 2000 en fækka niður í 5,0% árið 2006. Hlutfall þeirra sem iðka fimleika hefur ekkert breyst yfir tímabilið en heldur

hefur dregið úr fjölda þeirra sem leggja stund á frjálsar íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar. Voru þeir 1,7% árið 2000 en eru 1,3% árið 2006.

Á mynd 28 má sjá hvort þátttaka nemenda í 9. og 10. bekk í sundi, skíðum, snjóbretti eða skautum, í golfi, mótorsporti, og bátasporti hafi breyst milli áráanna 2000 og 2006.



Mynd 28. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda sund, skíði, snjóbretti eða skauta, golf, mótorsport, og bátasport, fjórum sinnum í viku eða oftar árin 2000 og 2006.

Líkt og á mynd 27 má sjá á mynd 28 hvernig hlutfall þeirra nemenda í 9. og 10. bekk sem leggja stund á tiltekna íþróttgreinar hefur þróast frá árinu 2000 til ársins 2006. Eins og sjá má hefur þeim sem iðka sund fjórum sinnum í viku eða oftar heldur fækkað yfir tímabilið. Voru þeir 3,1% árið 2000 en eru 2,5% árið 2006. Þeir sem stunda skíði, snjóbretti eða skauta hefur einnig fækkað milli ára. Voru þeir 4,1% árið 2000 en eru nú 3,7% árið 2006. Hlutfall þeirra sem stunda golf hefur ekki breyst milli áráanna 2000 og 2006 eins og sjá má. Hins vegar hefur hlutfall þeirra sem leggja stund á mótorsport vikulega eða oftar fjölgað hlutfallslega, úr 1,8% árið 2000 í 2,8% árið 2006, en fjöldi þeirra sem leggja stund á bátasport hefur ekki breyst milli áráanna 2000 og 2006.

Tómstundir og frístundastarf

Þegar við tökum okkur orðið “unglingur” í munn sem lýsingarorð er það gjarnan skírskotun til þess sem unglingar gera og standa fyrir. Unglingar á Íslandi eru fjölskrúðugur hópur fólks sem á fátt annað en aldurinn sameiginlegan og að yfirgnæfandi líkur eru á því að þeir gangi í skóla sökum skólaskyldunnar. En lífsstíll margra unglunga er gjarnan það sem skilgreinir þá sem slíka³⁰. Rannsóknir hafa sýnt að eðli þeirra tómstunda og þess frístundastarfs sem unglingar velja að stunda skiptir miklu máli í velferð þeirra³¹. Æskulýðs- og tómstundastarf sem er skipulagt og í umsjá ábyrgra aðila (t.d. leiðbeinanda og/eða kennara) hefur jákvæð áhrif í lífi unglunga. Til dæmis dregur slíkt starf verulega úr líkum á tilhneigingu til neyslu vímuefna. Þar að auki hefur verið sýnt fram á að þátttaka í ýmiskonar skipulögðu tómstundastarfi tengist margskonar öðrum jákvæðum þáttum í lífi unglunga, svo sem betri námsárangri³², bættri líðan og betri hegðun³³. Þá hafa rannsóknir sýnt að óskipulagðar frístundir sem eru ekki í umsjá ábyrgra aðila, eins og það að fara reglulega í partí eða í bæinn að kvöldi til, hafi neikvæð áhrif á velferð unglunga, þar sem nægir að nefna tengsl við lakari námsárangur og auknar líkur á vímuefnanotkun³⁴.

Myndir 28 til 34 sýna hvernig æskulýðs- og tómstundastarf stráka og stelpna í 9. og 10. bekk vorið 2006 tengist ýmsum þáttum í lífi þeirra. Nánar tiltekið, má sjá hvernig líðan unglunga tengist þátttöku í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi, hvernig skipulagt félags- og tómstundastarf tengist námsárangri þeirra og hvernig partíllífsstíll tengist námsárangri og tíðni ölvunar sl. 30 daga. Einnig má sjá hvernig það að fara reglulega niður í bæ á kvöldin eða um helgar og þátttaka í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi tengist reykingum meðal unglunga og hlutfall unglunga sem leggja stund á

³⁰ Þórólfur Þórlindsson, 1997.

³¹ Osgood o.fl. 1996, Parette-Watel og Lorente 2004.


³² Fehrmann 1987, Dumais, 2002

³³ Fredricks og Eccles 2006.

³⁴ Sjá t.d. Hagan 1991.

tiltekið óskipulagt frístundastarf árin 1997-2006. Þá sýna myndir 36 til 40 hlutfall nemenda sem stunda ýmiskonar tómstunda- og frístundastarf vikulega eða oft og hvort það hafi breyst milli árána 2000 og 2006. Að auki getur að líta margskonar upplýsingar í töflum 59-88 um tómstundir og frístundir unglunga og töflur 89-101 fjalla um trú og trúariðkun unglunga í 9. og 10. bekk.

Á mynd 29 má sjá hvernig hamingja stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi.




Mynd 29. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það lýsa sér mjög vel að þau séu hamingjusöm eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi.

Þátttaka í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi hefur jákvæð áhrif á líðan unglunga. Á mynd 29 má sjá að hlutfall stráka og stelpna sem segja það lýsa sér mjög vel að þau séu hamingjusöm er hæst meðal þeirra sem stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf oftast. Hér er mikilvægt að undirstrika að þátttaka skipulögðu félags- og tómstundastarfi fylgir sú tilfinning að tilheyra hópi, sem er mikilvægt atriði í sjálfsmynd unglunga. Eins og sjá má segja 44,5% stráka sem stunda nær aldrei skipulagt félags- eða tómstundastarf það lýsa sér mjög vel að þeir séu hamingjusamir. Þetta hlutfall er hæst meðal þeirra stráka sem stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf fjórum sinnum í viku eða oft, eða 58,9%. Í hópi stelpna er þessu meira og minna eins háttáð og er hlutfall stelpna sem segja

Það lýsa sér mjög vel að þær séu hamingjusamar hæst meðal þeirra sem stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf fjórum sinnum í viku eða oftar, eða 60,6%.


Á mynd 30 kemur fram hvernig þátttaka stráka og stelpna í 9. og 10. bekk í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi tengist námsárangri þeirra.



Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem stunda skipulagt félags- og/eða tómstundastarfi vikulega eða oftar eftir námsárangri þeirra.

Fram hefur komið að rannsóknir sýna að skipulagt félags- og tómstundastarf sem er í umsjá ábyrgra aðila tengist ýmsum þáttum í lífi unglunga með jákvæðum hætti. Á mynd 30 kemur fram að ástundun skipulagðs félags- og tómstundastarfs vikulega eða oftar tengist auknum líkum á betri námsárangri. Eins og sjá má stunda 39,5% stráka í lögsta fjórðungi námsárangurs skipulagt félags- eða tómstundastarf vikulega eða oftar. Samsvarandi hlutfall er hærra meðal þeirra sem gengur betur í námi og er hæst í hópi þeirra stráka sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs, eða 54%. Það sama er uppi á teningnum meðal stelpna. Í hópi þeirra sem eru í lögsta fjórðungi námsárangurs eru 34,5% sem stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf vikulega eða oftar en þetta hlutfall er hærra meðal stelpna sem gengur betur í námi sínu. Er það hæst meðal þeirra sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs, eða um 51%.

Á mynd 31 má sjá hvernig partíllífsstíll stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist námsárangri þeirra.




Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem fara mánaðarlega eða oftar í partí eftir námsárangri þeirra.

Eins og fram kemur í inngangi þessa hluta hefur óskipulagt frístundastarf sem fram fer fjarri umsjá fullorðinna oft óæskileg áhrif í lífi unglunga. Svokallaður partíllífsstíll³⁵ er dæmi um slíkt frístundastarf. Fram kemur á mynd 31 að neikvætt samband er milli þess að fara í partí mánaðarlega eða oftar og námsárangurs meðal unglunga í 9. og 10. bekk. Óhætt er því að segja að partíllífsstíll tengist námsárangri með neikvæðum hætti. Í hópi stráka sem eru í lægsta fjórðungi eru 33.5% sem fara mánaðarlega eða oftar í partí. Þetta hlutfall lækkar jafnt og þétt eftir því sem námsárangur batnar og er 18,5% meðal þeirra stráka sem standa sig best í námi. Samskonar þróun má greina meðal stelpna. Tæp 42% stelpna í lægsta fjórðungi námsárangurs fara í partí mánaðarlega eða oftar en þetta hlutfall er lægra meðal stelpna sem gengur betur í námi og lægst meðal þeirra sem eru í hæsta fjórðungi námsárangurs, eða 24,6%.

³⁵ Sjá, t.d. Hagan 1991.


Á mynd 32 má sjá hvernig ölvunardrykkja stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengist partílfssíll.



Mynd 32. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð sl. 30 daga eftir því hve oft þau fara í partí.

Á sama hátt og partílfssíll tengist námsárangri með neikvæðum hætti má sjá á mynd 32 að aukin partílfssíll tengist auknum líkum á ölvunardrykkju. Það er, þeim mun oftar sem strákar og stelpur fara í partí, þeim mun líklegra er að þau hafi orðið ölvuð sl. 30 daga. Myndin sýnir meðal annars að í hópi stráka sem fara nær aldrei í partí hafa aðeins 3,3% orðið ölvaðir sl. 30 daga. Hins vegar hafa rúm 32% stráka sem fara 1-3 sinnum í mánuði í partí orðið ölvaðir sl. 30 daga og þetta hlutfall er 53% meðal þeirra stráka sem fara vikulega eða oftar í partí. Samskonar tengsl má greina meðal stelpna. Minna en 3% þeirra stelpna sem fara nær aldrei í partí hafa orðið ölvaðar sl. 30 daga en yfir 42% þeirra stelpna sem fara í partí 1-3 sinnum í mánuði hafa orðið ölvaðar á undanförunum 30 dögum. Þá hafa 66,5% stelpna sem fara vikulega eða oftar í partí orðið ölvaðar á sl. 30 dögum.


Á mynd 33 má sjá hvernig daglegar reykingar stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengjast því hve oft þau eru niðri í bæ á kvöldin eða um helgar.



Mynd 33. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau eru niðri í bæ á kvöldin eða um helgar.

Það að unglingar í 9. og 10. bekk fari niður í bæ á kvöldin eða um helgar er dæmi um frístundahegðun sem tengist auknum líkum á áhættuhegðun eins og vímuefnaneyslu. Á mynd 33 má sjá hvernig hlutfall stráka og stelpna sem reykja daglega eykst eftir því sem þau fara oftár niður í bæ á kvöldin eða um helgar. Í hópi stráka sem eru nær aldrei niðri í bæ á kvöldin eða um helgar eru aðeins 2,4% sem reykja daglega. Hins vegar reykja tæp 19% stráka sem eru niðri í bæ vikulega eða oftár. Það sama á við meðal stelpna. Rúm 4% þeirra stelpna sem eru nær aldrei niðri í bæ á kvöldin eða um helgar reykja daglega en tæp 19% þeirra sem eru niðri í bæ á kvöldin eða um helgar vikulega eða oftár.


Á mynd 34 getur að líta hvernig daglegar reykingar stráka og stelpna í 9. og 10. bekk tengjast því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi.



Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi.

Andstætt við það sem greint var frá á síðustu mynd má sjá á mynd 34 að þátttaka í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi dregur úr líkum á því að unglingar reyki daglega. Flestir strákar sem reykja daglega, eða 9,4%, eru í hópi þeirra sem segjast nær aldrei stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf. Hins vegar reykja færir strákar daglega í hópi þeirra stráka sem stunda oftast skipulagt félags- eða tómstundastarf. Eins og sjá má er sama mynstur uppi á teningnum í hópi stelpna. Yfir 15% þeirra stelpna sem taka nær aldrei þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi reykja daglega en þetta hlutfall er lægra meðal annarra stelpna og lægst meðal þeirra sem stunda skipulagt félags- eða tómstundastarf fjórum sinnum í viku eða oftar, eða 4,3%.

Á mynd 35 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið óskipulagt frístundastarf vikulega eða oftar hafi breyst milli ára 1997 og 2006.




Mynd 35. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997, 2003 og 2006 sem fara í bíó, fara á kaffihús³⁶, og/eða fara í partí, vikulega eða oftar.

Í samræmi við það að mjög hefur dregið úr vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk frá árinu 1998 er mikilvægt að meta hvernig félagsleg hegðun þeirra hefur þróast yfir tímabilið frá 1997 til 2006. Eins og sjá má á mynd 35 eru örlítið fleiri nú en árið 1997 sem fara í bíó vikulega eða oftar, eða 6,2% miðað við 5,4% árið 1997. Hins vegar var þetta hlutfall hærra árið 2003 eða 7,5%. Með fjölgun kaffihúsa má sjá að töluverð aukning hefur orðið á því að unglingar í 9. og 10. bekk fari reglulega á kaffihús. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem fara vikulega eða oftar á kaffihús var 2,1% árið 1997, 3,0% árið 2003 en er nú 4,5%. Þá má sjá að færri unglingar fara í partí vikulega eða oftar árið 2006 en árið 1997 þegar 10,5% unglunga í 9. og 10. bekk sögðust fara vikulega eða oftar í

³⁶ Árið 1997 var spurt um ferðir á kaffihús eða pöbb. Vegna þess hve mörg kaffihús eru líkar pöbbar er stuðst við skilgreiningu hvers og eins á því hvað átt er við með ferðum á kaffihús.

partí. Þetta hlutfall hefur hækkað lítillega frá 2003 þegar það var 7,3% og reynist nú 7,8% árið 2006.


Á mynd 36 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekin skipulögð tómstundastörf vikulega eða oftár hafi breyst milli árunna 2000 og 2006.



Mynd 36. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveitanna, KFUM eða KFUK, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar, og æskulýðsstarf annarra trúfélaga, vikulega eða oftár.

Á mynd 35 getur að líta hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið skipulagt tómstundastarf vikulega eða oftár. Eins og sjá má hafa þeir sem taka þátt í skátastarfi nánast staðið í stað milli tímabila en greina má örlitla fækkun meðal þeirra sem taka þátt í ungliðastarfi björgunarsveitanna. Voru þeir 3,9% árið 2000 en eru um 3,4% árið 2006. Þeir sem stunda taka þátt í starfi KFUM eða KFUK vikulega eða oftár voru um 2,0% 2000 en mælast nú 2006 en hlutfall þeirra sem taka þátt í æskulýðsstarfi á vegum þjóðkirkjunnar eykst lítillega, fer úr 1,7% í 2,1%. Þá fækkar þeim heldur sem taka þátt í æskulýðsstarfi annarra trúfélaga og voru þeir 1,6% árið 2000 en um 1,2% nú árið 2006.


Á mynd 37 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekna skipulagðar tómsundur vikulega eða oftari hafi breyst milli ára 2000 og 2006.



Mynd 37. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem spila í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum, stunda tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, myndlistarnám, og leiklist, vikulega eða oftari.

Á mynd 37 má einnig sjá hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið skipulagð tómsundastarf vikulega eða oftari. Fram kemur að hlutfall þeirra sem spila í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum hefur aukist úr 4,4% árið 2000 í 7,8% árið 2006. Í samræmi við það hefur þeim sem leggja stund á tónlistarnám fjölgað úr rúmum 17% í 22,0% milli ára. Hins vegar hefur þeim sem taka þátt í lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit fækkað úr 5,3% í 4,6%. Álíka margir stunda myndlistarnám árið 2006 og gerðu það árið 2000 en heldur fleiri leggja stund á leiklist, eða 8,3% árið 2006 og 6,8% árið 2000.


Á mynd 38 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem sækja tilteknar menningarbundnar tólmstundir vikulega eða oftár hefur breyst milli áráanna 2000 og 2006.



Mynd 38. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem sækja leiksýningar, bókasafn, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska, og myndlistasýningar, vikulega eða oftár.

Á mynd 38 má sjá hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tilteknar menningarbundnar tólmstundir vikulega eða oftár. Fram kemur að hlutfall þeirra sem sækja leiksýningar hefur hækkað úr 0,8% í 1,7% yfir tímabilið en þeim sem sækja bókasafn hefur fækkað úr 7,0% í 5,3%. Þá hefur þeim sem sækja klassíska tónleika vikulega eða oftár fjölgað hlutfallslega, úr 0,5% árið 2000 í 1,6% árið 2006 og þeim sem sækja annars konar tónleika en klassíska vikulega eða oftár hefur fjölgað enn meira, eða úr 0,7% árið 2000 í 2,4% árið 2006. Að lokum kemur fram að þeim sem sækja myndlistasýningar svo oft hefur einnig fjölgað. Var hlutfall þeirra 0,5% árið 2000 en er nú 1,6% árið 2006.

Á mynd 39 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda ákveðnar skipulagðar tómstundir vikulega eða oftár hefur breyst milli áráanna 2000 og 2006.




Mynd 39. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem stunda félags- eða tómstundastarf í félagsmiðstöð³⁷, ungmennastarf Rauða kross Íslands, hestamennsku, útivist, og hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, vikulega eða oftár.

Á mynd 39 má getur að líta hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið tímstunda og frístundastarf vikulega eða oftár. Eins og sjá má breytist hlutfall þeirra sem sækja félagsmiðstöðvar lítið sem ekkert milli áráanna 2000 og 2006, er tæp 18% bæði árin. Þá má sjá að hlutfall þeirra sem stunda ungmennastarf Rauða kross Íslands breytist ekki heldur yfir umrætt tímabil, er um 1% bæði árin og sömu sögu er að segja um þá sem stunda hestamennsku, sá hópur stendur einnig í stað og er um 6,6% bæði árin. Hins vegar fækkar þeim lítillega sem stunda útivist vikulega eða oftár, úr 4,5% árið 2000 í 3,7% árið

³⁷ Árið 2000 var spurt um ástundun félagsmiðstöðva, að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbbar) en í ár var spurt um þátttöku í félags- eða tímstundastarfi í félagsmiðstöð. Sökum þess hve líkar spurningarnar eru fyrir árin 2000 og 2006 eru þær álitnar samanburðarhæfar.

2006 og sama gildir um þá sem leggja stund á hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, þeim fækkar úr 10,4% árið 2000 í 7,6% árið 2006.

Á mynd 40 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem lesa tiltekið lesefni utan við skólabækur hefur breyst milli árunna 2000 og 2006.



Mynd 40. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem eyða annað hvort engum tíma í hverri viku eða 4 klst. eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.

Að síðustu kemur hér fram á mynd 40 hvernig þróun hefur átt sér stað milli árunna 2000 og 2006 í hlutfalli nemenda í 9. og 10. bekk sem lesa tiltekið lesefni annað en skólabækur. Eins og sjá má hefur hlutfall þeirra sem eyða engum tíma í viku hverri í að lesa bækur aðrar en skólabækur minnkað úr 37,2% árið 2000 í 34,8% árið 2006. Þá hefur hlutfall þeirra sem lesa bækur aðrar en skólabækur í 4 klst. á viku eða meira aukist úr 12,1% árið 2000 í tæp 14% árið 2006. Hins vegar hefur þeim fjölgað hlutfallslega sem segjast ekki eyða neinum tíma í viku hverri í að lesa teiknimyndabækur og/eða blöð, var 57,0% árið 2000 en er 63,0% árið 2006. Að sama skapi hefur þeim fækkað sem eyða 4

klst. eða meira í viku hverri í að lesa slíkt lesefni, úr 4,4% í 3,9% yfir umrætt tímabil. Þá hefur hlutfall nemenda sem segjast ekki eyða neinum tíma á viku í að lesa dagblöð aukist úr 15,4% árið 2000 í 23,9% árið 2006 og þeim sem eyða 4 klst. á viku eða meira í að lesa dagblöð hefur fækkað hlutfallslega úr 8,5% árið 2000 í 5,7% árið 2006. Að lokum kemur fram að lestur tímarita er einnig á undanhaldi. Hlutfall þeirra sem segjast ekki eyða neinum tíma í viku hverri í að lesa tímarit hækkar úr 20,4% árið 2000 í 29,3% árið 2006. Þá fækkar þeim hlutfallslega sem segjast lesa tímarit í 4 klst. eða meira á viku úr 7,0% árið 2000 í 4,7% árið 2006.

Heimildaskrá

- Agnew, R. (1991). A longitudinal test of social control theory and delinquency. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 28, 126-156.
- Allegrante, J.P. (2004). Unfit to Learn. *Education Week*, 24, 38-40.
- Aunola, K., Stattin, H. og Nurmi, J.E. (2000). Parenting styles and adolescents' achievement strategies. *Journal of Adolescence*, 23, 205-222.
- Álfgeir Logi Kristjánsson (2007). On Social Equality and Perceptions of Insecurity: A Comparison Study Between Two European Countries. *European Journal of Criminology*, 4: 59-86.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2005). *Ungt fólk 2004: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Barnes, G.M. og Farrell, M.P. (1992). Parental support and control as predictors of adolescent drinking, delinquency, and related problem behaviors. *Journal of Marriage and the Family*, 54, 763-776.
- Borawski, E.A., Ievers-Landis, C.E., Lovegreen, L.D. og Trapl, E.S. (2003). Parental Monitoring, Negotiated Unsupervised Time, and Parental Trust: The Role of Perceived Parenting Practices in Adolescent Health Risk Behaviors. *Journal of Adolescent Health*, 33, 60-70.
- Burkett, S.R. og Jensen, E.L. (1975). Conventional Ties, Peer Influence, and Fear of Apprehension – Study of Adolescent Marijuana Use. *Sociological Quarterly*, 16, 522-533.
- Cohen, A.K. (1955). *Delinquent boys*. Glencoe, IL: Free Press.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Countries with the highest quality of life (2006) (vefsíða). www.aneki.com/quality.html.
- Davis-Kean, P.E. (2005). The Influence of Parent Education and Family Income on Child Achievement: The Indirect Role of Parental Expectations and the Home Environment. *Journal of Family Psychology*, 19, 294-304.
- Dumais, S.A. (2002). Cultural Capital, Gender, and School Success: The Role of Habitus. *Sociology of Education*, 75, 44-68.
- Fehrmann, P.G., Keith, T.Z. og Reimers, T.M. (1987). Home Influence on School Learning: Direct and Indirect Effects of Parental Involvement in High School Grades. *Journal of Educational Research*, 80, 330-337.
- Fredricks, J.A. og Eccles, J.S. (2006). Is extracurricular participation associated with beneficial outcomes? Concurrent and longitudinal relations. *Developmental Psychology*, 42, 698-713.
- Gaughan, M. (2006). The gender structure of adolescent peer influence on drinking. *Journal of Health and Social Behavior*, 47, 47-61.

- Glynn, T.J. (1981). From Family to Peer – A Review of Transitions of Influence Among Drug-Using Youth. *Journal of Youth and Adolescence*, 10, 363-383.
- Hagan, J. (1991). Destiny and drift: Subcultural preferences, status attainments, and the risk and rewards of youth. *American Sociological Review*, 56, 567-582.
- Harpa Njáls (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hawkins, C.A., Smith, M.L., Hawkins, R.C. og Grant, D. (2005). The relationship among hours employed, perceived work interference, and grades as reported by undergraduate social work students. *Journal of Social Work Education*, 41, 13-27.
- Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2003). *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglinga*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.
- Holmes, M. og Croll, P. (1989). Time Spent on homework and Academic-Achievement. *Educational Research*, 31, 36-45.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir (1999). Staða pílta og stúlkna í skóla og utan hans. *Samfélagstíðindi*, 17, 39-61.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir (2004). Kynjamunur í árangri og líðan barna í grunnskólum. *Uppeldi*, 3. tbl.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson (í vinnslu). Parental Influences on Academic Achievement among Icelandic Adolescents.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, og Allegrante, J.P. (2006). Health behaviour and academic achievement in Icelandic school children. *Health Education Research*, 9. júní (sótt í netútgáfu fyrir prentun, sjá www.pubmed.gov).
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Farkas, G. og Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescents*, 33, 509-522.
- Ingibjörg V. Kaldalóns (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglinga*. Óbirt M.A. ritgerð.
- Keith, T.Z. (1982). Time Spent on homework and High-School Grades – A Large-Sample Path-Analysis. *Journal of Educational Psychology*, 74, 248-253.
- Moody, J. (2001). Peer influence groups: identifying dense clusters in large networks. *Social Networks*, 23, 261-283.
- Moore, M.J. og Werch, C.E.C. (2005). Sport and physical activity participation, and substance use among adolescents. *Journal of Adolescent Health*, 36, 486-493.
- Nash, S.G., McQueen, A. og Bray, J.H. (2005). Pathways to adolescent alcohol use: family environment, peer influence, and parental expectations. *Journal of Adolescent Health*, 37, 19-28.

- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 50, 231-243.
- Palmquist, R. og Santavirta, N. (2006). What friends are for: The relationships between body image, substance use, and peer influence among Finnish adolescents. *Journal of Youth and Adolescence*, 35, 203-217.
- Paretti-Wetel, P. og Lorente, F.O. (2004). Cannabis use, sport practice and other leisure activities at the end of adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 73, 251-257.
- Pate, R.R., Trost, S.G., Levin, S. og Dowda, M. (2000). Sports participation and health-related behaviors among US youth. *Archives of Pediatrics & Adolescent Medicine*, 154, 904-911.
- Pong, S., Hao, L., og Gardner, E. (2005). The Roles of Parenting Styles and Social Capital in the School Performance of Immigrant Asian and Hispanic Adolescents. *Social Science Quarterly*, 86, 928-950.
- Rúnar Vilhjálmsson (1994). Effects of Social Support on Self-Assessed Health in Adolescence. *Journal of Youth and Adolescence*, 23, 437-452.
- Sanders, M.G. (1998). The effects of school, family and community support on the academic achievement of African American adolescents. *Urban Education*, 33, 385-409.
- Sheldon, S.B. og Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnerships and Mathematics Achievement. *The Journal of Educational Research*, 98, 196-206.
- Sutherland, E.H. og Cressey, D.R. (1978). *Criminology*. 10. útg. New York: Lippincott.
- Svensson, R. (2003). Gender differences in adolescent drug use – The impact of parental monitoring and peer deviance. *Youth & Society*, 34, 300-329.
- Taras, H. og Potts-Datema, W. (2005a). Obesity and student performance at school. *Journal of School Health*, 75, 291-295.
- Taras, H. og Potts-Datema, W. (2005b). Sleep and student performance at school. *Journal of School Health*, 75, 248-254.
- Tremblay, M.S., Inman, J.W. og Willms, J.D. (2000). The relationship between physical activity, self-esteem, and academic achievement in 12-year-old children. *Pediatrics Exercise Science*, 12, 312-323.
- Trockel, M.T., Barnes, M.D. og Egget, D.L. (2000). Health-related variables and academic performance among first-year college students: Implications for sleep and other behaviors. *Journal of Adolescent Health*, 49, 125-131.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.
- Webb, J.A., Bray, J.H., Getz, J.G. og Adams, G. (2002). Gender, perceived parental monitoring and behavioural adjustment: Influences on adolescent alcohol use. *American Journal of Orthopsychiatry*, 72, 392-400.
- Þórólfur Þórlindsson (1997). Heilbrigði og lífsstíll ungs fólks. *Heilbrigðismál*, 3, 18-23.

- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 26, 399-418.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Zettergren, P. (2003). School adjustment in adolescence for previously rejected, average, average and popular children. *British Journal of Educational Psychology*, 73, 207-221.

Töflur

Hér á eftir getur að líta 101 töflu með margskonar upplýsingum um líf og hagi unglunga. Töflur 1-2 sýna kynjaskiptingu eftir þátttökuárum og bekkjum. Í töflum 3-16 má sjá ýmsar upplýsingar um tengsl unglunga við foreldra og fjölskyldu sína og í töflum 17-22 má finna upplýsingar sem tengjast námi og skóla meðal unglunga. Þá innihalda töflur 23-31 upplýsingar um jafningjahópinn og unglunga og töflur 32-58 innihalda margvíslegar upplýsingar um íþróttaiðkun og heilsutengdan lífsstíl unglunga. Í töflum 59-88 ber að líta margskonar upplýsingar um tómsundur og frístundur unglunga í 9. og 10. bekk og að lokum má sjá í töflum 89-101 ýmislegt sem tengist trú og trúariðkun unglunga.

Kynjaskipting

Tafla 1. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk.

1997		2000		2003		2006	
<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>
51,7%	48,3%	48,6%	51,7%	48,3%	51,4%	49,9%	50,1%

Tafla 2. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk skipt eftir bekk.

	1997		2000		2003		2006	
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>
9. bekkur	51,9%	48,1%	48,4%	51,6%	48,4%	51,6%	50,1%	49,9% %
10. bekkur	51,4%	48,6%	48,8%	51,5%	48,5%	51,2%	49,6%	50,4%

Tengsl við foreldra og fjölskyldu

Í töflum 3-16 má sjá ýmsar upplýsingar um tengsl unglinga við foreldra og fjölskyldu sína.

Tafla 3. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum

	1997			2000			2006		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	1,4%	1,3%	1,3%	2,0%	1,2%	1,6%	1,5%	0,9%	1,2%
Frekar erfitt	5,9%	5,2%	5,6%	7,8%	6,4%	7,1%	4,0%	4,3%	4,2%
Frekar auðvelt	35,3%	23,1%	29,4%	43,0%	26,2%	34,3%	30,1%	22,0%	26,1%
Mjög auðvelt	57,4%	70,4%	63,7%	47,2%	66,2%	56,9%	64,3%	72,7%	68,5%

Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá foreldra sína í samræður um persónuleg málefni.

	1997			2000			2006		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	5,3%	5,2%	5,3%	6,3%	5,5%	5,9%	4,1%	4,7%	4,4%
Frekar erfitt	14,5%	14,0%	14,3%	18,7%	16,1%	17,3%	13,5%	12,6%	13,1%
Frekar auðvelt	37,3%	31,5%	34,5%	42,9%	35,1%	38,9%	38,3%	33,5%	35,9%
Mjög auðvelt	42,8%	49,3%	46,0%	32,2%	43,3%	37,9%	44,1%	49,2%	46,7%

